

Gengið á Þverfellshorn

Líklega er Esjan það fjall á Íslandi sem flestir hafa sigrað og gengið á. Og að ganga á Esju er ekki svo lítið afrek fyrir óvana, því hæð fjallsins er hátt í 900 m y.s. og gangan á fjallið hefst nærri sjávarmáli. Fá þekkt fjöll eru ekki mikið hærri frá rótum, þótt hæðartölur segi annað.

Esjan er gamalt fjall. Jarðfræðingar telja hana 2.5 – 3 milljón ára gamla og hafi hún myndast við eldsumbrot. Fyrir á tímum hafi verið mikil hitavirkni í fjallinu og sjáist þess merki í miklum kísilútfellingum vestantil í hlíðum hennar. Til dæmis komi þetta skýrt í ljós í giljunum upp af Mógilsá.

Fyrir nokkru var leiðinni frá Esjubergi og upp á Kerhólakamb lýst í þessum pistlum. Í þetta sinn er ferðinni aftur heitið upp á Esju, en nú á Þverfellshorn. Fyrir botni Kollafjarðar eru tvær jarðir: Mógilsá og Kollafjörður. Þær eru báðar í eigu ríkisins. Í Kollafirði er tilraunastöð í fiskirækt, en á Mógilsá er tilraunastöð í skógrækt. Enda bera brekkurnar fyrir ofan bæinn þess merki. Þar eru skógarplönturnar varnar að láta allmikið á sér bera.

Við skulum skilja bílinn eftir við skógræktargirðinguna fyrir vestan Mógilsána. Þar er göngustigi yfir girðinguna og þaðan höldum við upp brekkurnar meðfram ánni. Götuslóðar liggja þar og er nokkur léttir að fylgja þeim. Oftast er áin nefnd Mógilsá, en eftir kunnugum hef ég að hið rétta nafn hennar sé Hvítá. Áin fellur hér í djúpu gili. Þar eru margir litlir, skemmtilegir fossar og það borgar sig að kalla gilið nánar, því alltaf er þess von að rekast á fallegan stein, sem akkur væri í að hirða.

Námugróftur hefur ekki verið mikið stundaður á Íslandi, enda er landið snaut af verðmætum jarðefnum. Fyrir um það bil 100 árum var því veitt eftirtekt, að kalkæðar væru í giljunum fyrir ofan Mógilsá. Var þá hafin þar kalkvinnsla. Kalkið var flutt á hestum niður að sjó, þaðan með báti til Reykjavíkur og brennt þar í ofni. Síðan var það notað í byggingar og þótti reynast vel. En tilkostnaðurinn var of mikill, fyrirtækið bar sig ekki, svo námugreftirnum var hætt. Nú er erfitt að finna kalknámurnar í gilinu, því allt er hrundið saman.

Brekkan upp með ánni er allmikið á fótinn, en þegar komið er upp á Langahrygg verður um stund léttara undir fæti. Þar komum við að öðrum göngustiga yfir girðinguna, en þegar hann er að baki, stöndum við við rætur bröttustu brekkunnar, sem nær svo til alla leið upp á brún Þverfellshornsins. Fyrir ofan brekkuna er klettabelti. Að neðan virðist það ógnvekjandi, en svo er ekki, þegar upp í það er komið, því það er stöllótt og með góðum fláa, svo auðvelt er að þræða slóðina upp á brún. En það er unnt að komast hjá klettunum að mestu. Þá liggur leiðin lengra til vinstri, inn í hvilftina og þar upp skriðuna, sem er nær svo til óslitið upp á brún. Uppi á brúninni er varða og í henni gestabók, sem flestir rita nafn sitt í.

Af Þverfellshorni er auðvelt að ganga um Esjuna í ýmsar áttir: vestur á Kerhólakamb, austur á Hátind eða Kistufell eða lengra, allt eftir tíma, vilja eða getu hvers og eins.

Á fyrstu árum aldarinnar var krafan um íslenskan fána mikið hitamál hjá öllum þjóðhollum mönnum. Var hart barist fyrir löggildingu bláhvíta fánans. Og sem framlag þeirrar baráttu var bláhvíti fáninn borinn upp á Þverfellshorn og settur þar niður á stöng. Ung stúlka, Laufey Valdimarsdóttir, vann það afrek. Vakti framtak hennar mikla athygli, og ekki síst vegna þess að hún skyldi klifa fjallið í þessum tilgangi. Það eitt að kvenmaður gengi á fjall þótti frásagnarvert. Svona hafa tímarnir breyst.

(Mbl. 24. júlí 1980)

